

Til allra framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarstjórnir til þess að taka til umfjöllunar beiðni sem þeim hefur borist frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur) 356. mál. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0434.html>

Um er að ræða endurflutt þingmál og veitti sambandið ásamt allmörgum sveitarfélögum og ungmennaráðum umsögn um málið á síðasta löggjafarþingi, þar sem m.a. var gerð alvarleg athugasemd við það af hálfu sambandsins að til stæði að afgreiða slíka lagabreytingu skömmu fyrir sveitarstjórnarkosningar. Rétt er að vekja athygli sveitarstjórna á því að frumvarp sem nú er lagt fram er nokkuð breytt og hefur við gerð þess verið tekið tillit til breytinga sem þá voru gerðar á frumvarpinu í meðförum allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, sbr. eftirfarandi ummæli úr álitum þingnefndarinnar:

Samkvæmt lögræðislögum verða einstaklingar sjálfráða og fjárráða við 18 ára aldur og þar með lögráða. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu 16 ára einstaklingar verða kjörgengir í sveitarstjórnarkosningum þótt þeir séu ekki fjárráða. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um að kjörgengi ætti fremur að fylgja lögræðisaldri, m.a. vegna þess að fulltrúar í sveitarstjórnnum taka ákvarðanir sem varða fjárhag sveitarfélaga og ekki eðlilegt að ófjárráða einstaklingar komi að slíkum ákvörðunum. Meiri hlutinn fellst á þessi sjónarmið og leggur til breytingar á frumvarpinu þannig að það verði einungis kosningarrétturinn sem miðast við 16 ára aldur, sbr. ákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Við umfjöllun nefndarinnar komu einnig fram ábendingar varðandi 19. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna en þar er kveðið á um að fulltrúar í sveitarstjórnnum skuli kjörnir í leyfilegum almennum kosningum, annaðhvort bundnum hlutfallskosningum, sbr. a-lið greinarinnar, eða í óbundnum kosningum þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem eru löglega undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því, sbr. b-lið greinarinnar. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að kjósendur undir 18 ára aldri verði undanþegnir þessu ákvæði og leggur því til breytingar í þá veru að í stað þess að allir séu í kjöri verði það einungis þeir sem eru kjörgengir, sbr. ákvæði 3. gr. frumvarpsins.

Af hálfu sambandsins er lögð áhersla á að sveitarstjórnarmenn taki afstöðu til málsins og er markmið okkar að umsögn sambandsins um málið endurspegli eins og frekast er unnt umræðu um málið í sveitarstjórnnum og í stjórn sambandsins. Málið verður til umfjöllunar á stjórnarfundi sambandsins 22. febrúar og mun sambandið óska eftir framlengingu á umsagnarfresti, líklega til mánudagsins 4. mars, til að veita sveitarstjórnnum sem best svigrúm til umfjöllunar um málið.

Til frekari upplýsinga bendir undirritaður á eftirfarandi slóðir:

[Umsögn sambandsins frá 2018](#), ásamt samantekt um umfjöllun um kosningaaldur á hinum Norðurlöndunum

[Allar umsagnir](#) sem bárust til Alþingis um málið 2018

[Síða Alþingis](#) þar sem hægt er að fylgjast með gangi málsins og hlusta á umræður um frumvarpið

F.h. sambandsins,
Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs
gudjon.bragason@samband.is